



Hestamannafélagið Jökull

Ársskýrsla æskulýðsnefndar

Veturinn 2024-2025

Hestamannafélagið Jökull

Hestamannafélagið Jökull var stofnað þann 1.júlí 2021. Félagið byggir á gömlum grunni sem lagður var af hestamannafélögnum Loga, Smára og Trausta. Starfssvæði félagsins nær yfir Skeiða og Gnúpverjahrepp, Hrunamannahrepp, Bláskógabyggð og Grímsnes og Grafningshrepp svo ljóst er að vinna þarf ötullega að því að ná til sem flestra á stóru svæði.

Markmið æskulýðsnefndar er að vinna að öflugu og fjölbreyttu æskulýðsstarfi og reyna að ná til þeirra sem vilja stunda hestamennsku sem keppnisíþrótt og líka sem félagsstarf og áhugamál. Með fjölbreyttu starfi reynum við eftir fremsta megni að stuðla að nýliðun meðal ungu knapanna okkar um leið og við gerum okkar allra besta í að halda vel utan um þá sem eru lengra komnir og upp í unglina og ungmennaflokk.

Gott starf æskulýðsnefndar er gríðarlega mikilvægt því uppbygging og framtíð félagsins byggist á æskunni okkar.

Framkvæmdastjóri Jökuls er Karen María Gestsdóttir og formaður er Bragi Viðar Gunnarsson.

Æskulýðsnefnd 2024-2025

Kristín Sigríður Magnúsdóttir, Elin Moqvist, Guðbjörg Jónsdóttir, Guðrún Erna Þórisdóttir, Arna Þöll Sigmundsdóttir, Bára Másdóttir, Kristín Eva Einarsdóttir og Andrea Skúladóttir.

Kynningarfundur

Starfsárið hófst formlega í byrjun nóvember 2024 þegar nefndin hélt opinn kynningarfund. Farið var yfir líðandi starfsár og dagskráin framundan kynnt. Frábær vettvangur fyrir fólk að koma með hugmyndir og fræðast um starfið. Hestar voru á staðnum og gátu áhugasamir prófað að setjast á bak. Veitingar í boði félagsins og síðan var hlaupið og leikið í reiðhöllinni.



Heimsmeistaraheimsókn

Elvar Þormarsson heimsmeistari, skeiðknapri og hestamaður kom og átti notalega dagsstund með okkur í lok nóvember. Hann leiðbeindi ungum knöpum með hesta sína í frábærum einkatímum. Honum til aðstoðar var Eik Elvarsdóttir, frábær ungur knapi á uppleið. Þau gáfu sér góðan tíma í spjall og komu með skemmtilega nálgun á viðfangsefnin.

Algjörlega frábært tækifæri til að fá góða punkta inn í startið á vetrarþjálfuninni.



Bling námskeið

Í nóvember fengum við Siggu Þjé til að koma og vera með geggjað BLING námskeið þar sem nemendur gátu útbúið sína eigin ennisól eða nefól. Það er óhætt að segja að þetta námskeið sló í gegn og gæti hæglega orðið að árlegum viðburði á haustmánuðum. Áhugasamir gátu svo skoðað og verslað allskonar hestatengdar vörur frá Litlu hestabúðinni þar sem Siggja kom klyfjuð af allskonar fallegum vörum með sér. Virkilega skemmtileg kvöldstund og knapar fóru klárlega brosandí og glitrandi inn í tímabilið.



Byrjendanámskeið

Það er ómetanlegt að geta boðið upp á námskeið fyrir börn og unglinga sem ekki hafa aðgang að hestum eða langar að auka kjark og þor á traustum hestum. Þetta námskeið fylltist strax og algjörlega frábært að fylgjast með hvað krakkarnir höfðu gaman að þessu og voru fljót að læra og einstakt að sjá hvað hestarnir veittu þeim mikla gleði og ánægju. Kennarar voru Arna Þöll Sigmundsdóttir og Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson sem komu með allan búnað og frábæra hesta og gáfu allt í þetta skemmtilega verkefni.



Rauði þráðurinn



Helgarnámskeið fyrir barna, unglunga og ungmennaflokk þar sem Hinrik Þór Sigurðsson reiðkennari fór yfir hornsteinana við þjálfun hesta á öllum stigum og vann einstaklingsmiðað með hverjum knapa og hesti fyrir sig. Hann gaf knöpum skýr og góð verkfæri til að vinna með við þjálfun og hjálpaði knöpum við að skipuleggja vetrarþjálfunina út frá sinni stöðu. Markmið námskeiðsins var að byggja þjálfun hests og knapa á góðum grunni og gefa knöpum á öllum stigum innsýn í það hvernig þjálfunarferlið virkar og þróast út frá forsendum hestsins. Námskeiðið var bæði bóklegt og verklegt og kennt í paratímum og einkatímum.

Almennt reiðnámskeið

Í janúar var farið af stað með reglulega reiðkennslu og voru reiðtímar að jafnaði einu sinni í viku fram í maí þar sem allir krakkar sem höfðu aðgang að hesti og búnaði áttu kost á að taka þátt. Yfirskriftin var almennt námskeið í reiðmennsku og hestaskemmtun þar sem hægt var að skrá sig bæði í einkatíma eða hópatíma þar sem börnum var raðað í hópa eftir aldri og getu og verkefni og markmið hvers hóps sett út frá því. Áhersla lögð á samspil knapa og hests í bland við leiki, þrautir og fræðslu. Reiðkennari var Finnur Jóhannesson. Þessi námskeið eru klárlega að festa sig í sessi og er þátttaka yfirleitt mjög góð enda mikil eftirspurn eftir reglubundinni reiðkennslu.



Afreksþjálfun

Keppnismiðað námskeið fyrir yngri flokka, 10-21 árs sem vilja byggja sig upp sem og fá stuðning til að keppa og bæta sig og hestinn sinn. Einkatímar einu sinni í viku frá janúar og út júní. Gott tækifæri fyrir krakka sem vilja fá aðstoð til að þjálfna hestinn sinn fyrir verkefni á keppnisvöllum. Kennarar voru Ásdís Ósk Elvarsdóttir og Thelma Dögg Tómasdóttir.

Pollafjör


Vinsælu pollanámskeiðin voru að sjálfsgöðu á sínum stað fyrir þau allra yngstu þegar leið á veturinn. Þetta voru nokkrir virkilega skemmtilegir laugardags og sunnudagsmorgnar í mars, apríl og maí þar sem markmiðið var að hafa gaman, hlæja, brosa og gera sitt allra besta, stundum alveg sjálf og stundum með aðstoð foreldra. Algjörlega ómissandi í vetrarstarfinu og virkilega ánægjulegt að sjá unga knapa vaxa í gegnum leik og gleði. Kennari var Oddrún Ýr Sigurðardóttir, reiðkennari og þroskaþjálfari.



Æska Suðurlands

Æska Suðurlands er mótaröð fyrir polla, börn og unglinga og er samvinnuverkefni hestamannafélaganna Háfeta, Ljúfs, Sleipnis, Geysis og Jökuls. Mótadagar eru þrír og keppt er í tveimur greinum á hverju móti í barna og unglingaflokki og einni grein fyrir polla sem allir fá verðlaun fyrir sína þátttöku. Keppnisstaðir 2025 voru Flúðir, Selfoss og Hella. Virkilega skemmtileg mótaröð þar sem keppt er í fjölbreyttum greinum svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi! Árið 2025 var keppt í fjórgangi, þrígangi, smala, tölti, mjólkurtölti, fimmgangi og hindrunarstökki.

Ágætis þátttaka var á mótunum og átti Jökull marga flotta fulltrúa sem tóku þátt í þeim þremur aldurshópum sem boðið var upp á í mótaröðinni. Öll stóðu sig með mikilli þryði og náðu sumir á verðlaunapall.



Húsatóftir

Reiðnámskeið fyrir börn og unglinga þar sem hestar og búnaður var á staðnum og ekkert annað að gera en að skrá krakkana og mæta. Leikir og þrautir og allskonar skemmtilegt þar sem áhersla var lögð á að hafa gaman og auka sjálfstraust og hugrekki á baki og í kringum hestana. Kennari var Elín Moquist.



Félagsmót og æfingadagar

Vetrarmótin voru á sínum stað líkt og fyrri ár, fjölbreyttar keppnisgreinar voru þennan veturinn líkt og síðasta og gafst krökkunum færi á að spreyta sig m.a. í tölti, fjórgangi og fimmgangi. Einnig var opið páskatölt í reiðhöllinni á Flúðum og svo firmakeppni. Þátttaka á félagsmótum er alltaf að aukast og má það eflaust að einhverju leiti þakka auknu skipulögðu æskulýðsstarfi, sérstaklega var ánægjulegt að sjá hversu góð þátttaka var í polla og barnaflokki.

Fyrir öll þessi mót sem og Æsku Suðurlands var boðið upp á æfingatíma í boði félagsins. Þar gafst krökkum tækifæri til að fá leiðsögn kennara og undirbúa sig fyrir þátttöku á þessum mótum. Allir gátu nýtt þessa æfingatíma, engin krafa var gerð um þátttöku á mótunum en þessir tímar ýttu klárlega undir þátttöku og juku sjálfstraust og öryggi krakkanna í að taka þátt. Kennarar voru til skiptis Finnur Jóhannesson, Ásdís Ósk Elvarsdóttir og Thelma Dögg Tómasdóttir.



Hrísholt



Sumarnámskeiðin í Hrísholti voru að sjálfsögðu á sínum stað. Tvö sjálfstæð námskeið tvær vikur í júní. Á þessum námskeiðum þarf að koma með hest, hnakk og hjálm og að sjálfsögðu góða skapið og stundum líka flugnet eða pollagalla, stundum bæði... Reiðkennari þriðja árið í röð var snillingurinn Ingunn Ingólfssdóttir sem kom alla leið að norðan til að kenna. Hún lofaði góðri stemmningu og það var svo sannarlega raunin.

Tæplega 50 börn í heildina sem létu hvorki flugur né rigningu slá sig út af laginu! Í lok hvorrar viku var svo grillpartý og reiðtúrar þar sem aðstandendur, því fleiri því betra skelltu sér með krökkunum og Ingunni í léttu reiðtúra.

Þessi námskeið eru svo sannarlega stór partur af sumrinu og virkilega gaman að sjá frábæra þátttöku og hvernig reiðkennarar hverju sinni nýta svæðið til kennslu þegar það er ekki reiðhöll á staðnum.



Sumarkeppnisnámskeið

Boðið var upp á æfingar á keppnisvelli í júlí sem var einskona sjálfstætt framhald af keppnismiðaða afrekshópnum sem hafði verið í gangi síðan í janúar. Allir knapar velkomnir hvort sem planið var að keppa eða bara máta völlinn með leiðsögn kennara. Það er alltaf gaman að færa vetrarvinnuna út á völl og sjá framfarir hjá knöpum og hestum. Thelma Dögg Tómasdóttir hélt utan um þetta verkefni. Í síðasta tímanum fyrir gæðingamót kom Oddrún Ýr Sigurðardóttir, reiðkennari og dómari og gaf krökkunum góða punkta varðandi þáttöku á mótinu og þeirra prógrömm.



Gæðingamótið á Flúðum ofl...

Gæðingamót var svo haldið í lok júlí á Flúðum og er mótið algjörlega búið að festa sig í sessi sem eitt af stærri mótum sumarsins. Jökull átti þar að sjálfsögðu glæsilega fulltrúa sem náðu góðum árangri. Einnig var gaman að sjá hversu margir krakkar létu sig varða að hjálpa til á mótinu, hvort sem það var að sjá um hliðvörslu, vinna í sjoppunni, rita hjá dómurum eða annan tilfallandi. Margar hendur vinna létt verk og mikilvægt að læra að mótahald er mikil vinna og allir geta lagt eitthvað af mörkum 😊

Jökull átti einnig mjög frambærilega fulltrúa í yngri flokkum á mörgum af stærri mótum sumarsins. Hestamennska er vissulega meira en bara keppni og voru ungir Jökulsfélagar duglegir að mæta í félagsreiðtúra með foreldrum og forráðamönnum, bíókvöld og sýnikennslur í reiðhöllinni og einnig mátti sjá glæsilega fulltrúa í 17. Júní skróðgöngu svo fátt eitt sé nefnt.



Miðengi og Vallamót

Reiðnámskeið var haldið í Miðengi dagana 10. - 14. ágúst og voru tæplega 30 börn á grunnskólaaldri skráð og skemmtu allir sér afar vel.

Kennarar voru Ásdís Ósk Elvarsdóttir og Oddrún Ýr Sigurðardóttir.

Námskeiðið endaði á að þátttakendur ásamt fjölskyldum sínum fóru í fjölskyldureiðtúr frá fjárréttinni ofan við Laugarvatn og var riðið í Kringlumýri þar sem var slegið upp pylsugrillveislu og svo var gíst í skálanum.

Þessi viðburður er alltaf jafn vinsæll og er orðinn ómissandi hluti af ágústmánuði.

Vallamótið var svo auðvita á sínum stað í kjölfar námskeiðsins í Miðengi eins og vanalega, bráðskemmtilegur viðburður sem alltaf er vel sóttur. Keppendur stóðu sig með þryði og skemmtileg stemmning ríkti á Laugarvatnsvöllum allan daginn.



Lokaorð og þakkir

Mikill uppgangur hefur verið í starfi félagsins síðustu ár og enginn bilbugur er á æskulýðsnefnd. Vetrarstarfið er að taka á sig mynd og hlökkum við til að takast á við ný verkefni í félaginu okkar sem vonandi heldur áfram að stækka og dafna. Mikill áhugi er meðal yngri kynslóðarinnar í félaginu og gott æskulýðsstarf er hverju félagi nauðsynlegt því krakkarnir eru jú framtíð félagsins. Við stefnum á að halda áfram að byggja ofan á fjölbreytt starf og bjóða upp á námskeið, fræðslu og skemmtun fyrir eins breiðan hóp og mögulegt er.

Þessi skýrsla er auðvita ekki tæmandi listi yfir allt sem hefur verið gert og nauðsynlegt er að koma á framfæri að við erum auðvita hrikalega stolt af krökkunum okkar sem standa sig vel hvar sem þau koma og eru okkur og félaginu til mikils sóma.

Við höfum einnig verið sérlega lánsöm með að hafa aðgang að frábæru fólki, reiðkennurum, foreldrum og öðrum félögum og styrktaraðilum sem hafa hjálpað til við að gera gott starf að veruleika og viljum við nota tækifærið að lokum og segja stórt TAKK til allra sem lagt hafa starfinu lið og sérstaklega til krakkanna fyrir að taka þátt.

Við hlökkum til og horfum jákvæð til framtíðar og þeirra verkefna og viðburða sem framundan eru.

Áfram Jökull !

